

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hannesarholt.

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Hannesarholt. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur Hannesarholts eru Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, kt. 190360-4239, Arnór Víkingsson, kt. 061159-2319, Salvör Jónsdóttir, kt. 251259-2759, Margrét Gunnarsdóttir, kt. 120860-2839, Stefán Örn Stefánsson, kt. 140147-4519, Grétar Markússon, kt. 270852-4169, Gunnar S. Ólafsson, kt. 310545-3099, Páll Skúlason, kt. 040645-4469 og Viðar Víkingsson, kt. 020351-4899.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla jákvæða, gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi, auka skilning á gildi sögunnar fyrir samtímann og framtíðina og hvetja til uppbyggilegrar samræðu um samfélagsleg málefni. Einnig að hlúa að og skapa rými fyrir uppbyggjandi mannlíf og menningarstarfsemi.

Þessum markmiðum verður náð með:

- a. Uppsetningu margmiðlunarsýningar að Grundarstíg 10 í Reykjavík. Þar verður fjallað um upphaf borgarsamfélags á Íslandi og áhersla lögð á upphaf 20. aldar, þegar Íslendingar fengu heimastjórn og þingræði var fest í sessi en húsið að Grundarstíg 10 var byggt af Hannesi Hafstein, fyrsta ráðherra Íslands. Fræðandi upplýsingar um rætur nútímasamfélags á Íslandi verða nýttar til að skoða tilveru okkar í dag og í nánustu framtíð.
- b. Fræðslufundum, listviðburðum, samræðufundum, námskeiðshaldi o.fl.
- c. Aðstöðu til fræðastarfa.
- d. Aðstöðu fyrir menningarstarfsemi margvíslegra hópa.
- e. Með vefsíðu sem styður þessa framkvæmd.

4. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 852.000 krónur – áttahundruðfimmtíuogtvöpusund krónur sem Ragnheiður Jóna Jónsdóttir og Arnór Víkingsson leggja fram.

Fjármuna til starfseminnar verður aflað með aðgangseyri að fræðslu- og menningarviðburðum, framlögum hollvina Hannesarholts, þóknun fyrir afnot af aðstöðu, sem varðar aðeins lítinn hluta af eigin fé stofnunarinnar, og öðrum styrkjum sem stofnuninni hlotnast.

5. gr.

Stofnunin er staðsett í íbúðahverfi og einsetur sér að starfa í góðu samkomulagi og friði við íbúa í næsta nágrenni við Grundarstíg 10.

6. gr.

Hannesarholt er sjálfseignarstofnun. Um stofnunina gilda ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum og fjórum til vara: Þrír fulltrúar tilnefndir af 1904 ehf. og fulltrúi tilnefndur af menningarráði Hannesarholts, sjá 10. gr., og af hollvinum Hannesarholts, sjá 11. gr. Tveir varamenn skulu tilnefndir af stjórn 1904 ehf., einn af menningarráði og einn af hollvinum Hannesarholts. Varamenn hafa rétt til setu á fundum stjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri Hannesarholts hefur einnig rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Fyrstu stjórnarmenn og varamenn skulu tilnefndir á fyrsta aðalfundi Hannesarholts. Tilnefningu stjórnarmanna og varamanna verður í framhaldi þannig háttáð: Árið 2011 tilnefndir 2 fulltrúar og einn varamaður 1904 ehf., og einn fulltrúi og einn varamaður hollvina Hannesarholts; árið 2012

tilnefndir 1 fulltrúi og einn varamaður 1904 ehf., og einn fulltrúi og einn varamaður menningarráðs Hannesarholts; og þannig koll af kalli. Stjórnarmenn og varamenn eru tilnefndir til tveggja ára í senn.

8. gr.

Stjórn Hannesarholts skiptir með sér verkum og skal skipa formann, gjaldkera og ritara stjórnar. Formaður stjórnar boðar fundi sem skal halda svo oft sem tilefni er til en ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Formanni ber að kalla stjórn saman innan 3ja vikna óski tveir eða fleiri stjórnarmenn eftir því.

Aðalfundur Hannesarholts skal haldinn að hausti hvers árs fyrir 15. október. Til aðalfundar skal boðað með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hefur stjórn Hannesarholts ásamt varamönnum, fulltrúar í menningarráði, framkvæmdastjóri Hannesarholts og hollvinir Hannesarholts. Allir aðilar á aðalfundi hafa málfrelsi og tillögurétt en eingöngu stjórnarmenn hafa atkvæðisrétt.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

- Kjör fundarstjóra og ritara aðalfundarins.
- Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Breytingar á skipulagsskrá.
- Tilnefning stjórnarmanna.
- Önnur mál.

9. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu berast formanni stjórnar a.m.k. mánuði fyrir aðalfund og berast stjórnarmönnum, varamönnum, menningarráði og hollvinum Hannesarholts til kynningar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund.

Skipulagsskrá Hannesarholts verður ekki breytt nema með samþykki fjögurra stjórnarmanna hið minnsta, enda fái skipulagsskrá þannig breytt samþykki viðeigandi stjórnvalds skv. lögum nr. 19/1988.

10. gr.

Stjórn Hannesarholts skipar fjóra aðila í menningarráð. Hver fulltrúi er tilnefndur til 2ja ára í senn. Menningarráð er stjórn og framkvæmdastjóra Hannesarholts til ráðgjafar um stefnumörkun og skipulag menningarstarfsemi stofnunarinnar. Menningarráðið tilnefnir einn fulltrúa og einn varamann í stjórn Hannesarholts skv. 8. gr. Menningarráð heldur fundi eins oft og tilefni er til en ekki sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Framkvæmdastjóri Hannesarholts situr að öllu jöfnu fundi menningarráðs og er menningarráði til aðstoðar varðandi upplýsingaöflun og úrvinnslu hugmynda eftir því sem við á.

11. gr.

Með árlegu fjárframlagi til stofnunar Hannesarholts geta einstaklingar, samtök, fyrirtæki og stofnanir orðið hollvinir Hannesarholts. Lágmarksfjárframlag skal ákveðið á aðalfundi Hannesarholts. Með því að gerast hollvinir stuðla viðkomandi að vexti og viðgangi stofnunarinnar. Hollvinir öðlast rétt til setu á ársfundi og hafa auk þess einn fulltrúa og einn varamann í stjórn Hannesarholts. Einstakir hollvinir skulu tilkynna framboð sitt til stjórnarsetu mánuði fyrir kjör samkvæmt 7. gr. Séu tveir eða fleiri hollvinir í framboði skal velja á milli fulltrúanna með kosningu á heimasíðu Hannesarholts viku fyrir aðalfund. Réttmæti atkvæðagreiðslu verður tryggt með því að tengja einstök atkvæði við persónubundin lykilorð. Sá fulltrúi hlýtur kosningu sem fær flest atkvæði.

12. gr.

Reikningsár Hannesarholts er almanaksárið og skal stjórnin ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun Hannesarholts til næstu áramóta. Endurskoðaða reikninga ásamt skýrslu stjórnar um starfsemina skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

13. gr.

Stjórn Hannesarholts er ábyrg fyrir rekstri stofnunarinnar. Hún ræður framkvæmdastjóra sem í umboði stjórnar ber ábyrgð á og sér um allan daglegan rekstur stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við formann stjórnar. Stjórn ákveður launakjör framkvæmdastjóra og annarra fastra starfsmanna. Stjórnin ákveður einnig þóknun fyrir setu í stjórn og menningarráði Hannesarholts.

14. gr.

Stofnunina Hannesarholt má leggja niður með samþykki minnst fjögurra stjórnarmanna af fimm á aðalfundi eða aukaáðalfundi. Stjórnin ákveður hvernig fjármunum hennar sé ráðstafað í samræmi við markmið hennar eða skyld markmið.

15. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskránni breytt eða samþykkt að hún skuli lögð niður, skal leita samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. desember 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.